

Athugasemd frá Siggeiri Siggeirssyni

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : siggeirthor@gmail.com
CC : rakeljonasdottir@gmail.com
Heiti : Athugasemd frá Siggeiri Siggeirssyni
Málsnúmer : 1211376
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 25.04.2018 12:07:56
Höfundur : siggeirthor@gmail.com

Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir Ásvallabraut, tenging Valla og Áslands.

Sæl Berglind,

Við undirrituð erum búsett að Brekkuás 9 og teljum okkur eiga beinna hagsmuna að gæta í þessu máli.

Okkur langar að beina sjónum að þeim áhrifum sem útfelling Ofanbyggðarveggar hefur á fyrirhugaða Ásvallabraut. Hefur verið tekið inn í myndina, sú mögulega umferðaraukning sem verða kann á Ásvallabraut við það að fella út ofanbyggðarveginn.

Hitt er annað mál hver raunverulegur hagur er af Ásvallabraut og fyrir hvern. Í útreikningum Mannvits á ábata Ásvallabrautar, fáum við ekki séð að tekið sé inn í myndina sú íþynging sem hún veldur Áslandi 3, svo ekki sé minnst á fyrirhuguðu Áslandi 4 og 5. Við teljum að tenging Valla og Áslands með þessari braut hafi veruleg neikvæð áhrif á þessi fyrrnefndu hverfi og mælum við eindregið með því að á því verði gerð sérstök rannsókn.

Þótt þétting byggðar sé almennt vinsæl þessa dagana, þá verður alltaf til töluvert af fólki sem vill búa í jaðri byggða í námunda við ósnortna náttúru. Það vill svo til að sama fólkið greiðir gjarnan hátt útsvar og há fasteignagjöld. Ásland 3, 4 og 5 eru staðsett á jaðri byggðar í námunda við okkar fögru náttúru hér í Hafnarfirði. Þöllum okkur á að eyðileggja þau ekki með vegi sem sneiðir þau fyrir umferð af Völlunum.

Kv
Siggeir Þór Siggeirsson
Rakel Anna Jónasdóttir

Brekkuás 9